

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt heimild í lögum nr. 24 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 1, 4. janúar 1968, um breytingu á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði.

Samgöngumálaráðuneytið, 9. desember 1968.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um gjöld skóla fyrir afnot af Fræðslumyndasafni ríkisins.

1. gr.

Skólar, sem kostaðir eru sameiginlega af ríkissjóði og sveitarfélögum eða ríkissjóði einum, hafa afnot af myndum Fræðslumyndasafns ríkisins.

2. gr.

Gjald fyrir afnot skóla af myndum safnsins skal fyrst um sinn, unz öðru vísi kynni að verða ákveðið, vera 20.00 krónur á hvern nemanda samkvæmt nemendaskýrslum Fræðslumálaskrifstofunnar, og greiðist að $\frac{3}{4}$ hlutum úr ríkissjóði en að $\frac{1}{4}$ úr hlutaðeigandi sveitarsjóði að því er varðar skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

3. gr.

Gjaldið til safnsins greiðist þannig:

1. Hluti ríkisins greiðist eigi síðar en 1. júlí árlega eða með $\frac{1}{2}$ mánaðarlega.
2. Hluti sveitarsjóða greiðist eigi síðar en 1. júlí árlega.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 49/1967, um skóla-kostnað.

Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1968.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.